

vegna kársnesbraut 96

Til : Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Frá : gulli20gulli20 <gulli2020@gmail.com>
Heiti : vegna kársnesbraut 96
Málsnúmer : 23012510
Málsaðili : Kársnesbraut 96 ehf.
Skráð dags : 10.04.2023 21:33:45
Höfundur : gulli20gulli20 <gulli2020@gmail.com>

Í frestunarbréfi grenndarkynningu fyrir kársnesbraut 96 eru tvær villur. Kemur fram að grenndarkynningin sé vegna kársnesbraut 69 en ekki 96, einnig að frestur sé til miðvikudags 11. apríl sem er í raun þriðjudagur.

Hér að neðan eru allar þær athugasemdir sem ég hef við framkvæmdina.

1. Ég sá hvergi koma fram að húsið sem stendur þar fyrir er byggt með asbesti og því vil ég að allar reglur sem koma að því að rífa hús sem er byggt með asbesti séu virtar.

2. Miðað við þá útreikninga sem ég hef gert kemur í ljós að gólflötur á 2. hæð míns húss (Kársnesbraut 94) byrjar rétt undir hæð götunnar sem er 15.93 metrar, áætlað er að gólflötur 2. hæð á kársnesbraut 96 eigi að byrja í 16.82 metrun miðað við götu. sem þýðir að gólflötur 2. hæðar kársnesbraut 96 eigi að byrja 89 sentimetrum hærra en hjá mér (Kársnesbraut 94).

Efri hæð Kársnesbraut 94 frá gólfi og að efsta punkti þaksins er 3,94 metrar en á kársnesbraut 96 á sú hæð að vera 4 metrar. sem þýðir að efsti punktur hússins á að vera um 1 metra hærra en mitt.

Húsið á einnig að standa mun framar en mitt hús (mun nær kársnesbraut), miðað við fremsta part míns húss (Kársnesbraut 94) og fremsta part kársnesbraut 96 á það að standa um 1.73 metrum nær götunni en mitt hús, en ef við reiknum það frá þar sem sólpallur minn byrjar þá stendur það 7.13m fyrir framan. Þannig að ég er að fara að missa alla sól seinni part dags. Öll þau hús sem eru í línu við mitt hús eru öll byggð neðar í lóðinni og einnig eru þau lægri. því myndi þetta hús standa hæst í götunni og fremst af þeim öllum.

3. Mér þykir skuggamyndir ekki gefa nægilega rétt til kynna hvernig húsið eigi eftir að skyggja á mitt. Það á eftir að skyggja mikið á sólpallinn þar sem húsið stendur 7.13 metrum fyrir framan þar sem pallurinn minn byrjar, einnig stendur stofan mín sem næst lóð kársnesbraut 96 og mun húsið skyggja þar mikið. Mér þykir líka sérkennilegt að fá sendar eitthverjar skuggateikningar sem hentar aðeins þeim sem ætlar að byggja, þar getur hann valið þann dag sem hentar honum best á tímabilinu mars - september.

4. Ég hef engan efa um að ef húsið er byggt í þeirri mynd sem það er sett upp í dag mun það hafa mikil áhrif á verðmæti eignar minnar.

Til samantektar þá vill ég að passað verði að allar þær reglur sem snúa að asbesti séu virtar.

Þetta mun vera eitt hæsta og fremsta húsið í þessari línu (neðan við götu).

Það mun skyggja verulega á húsið mitt, einnig mun það skyggja verulega á sólpallinn hjá mér og verður hann því að miklu leyti ónothæfur.

Skuggamyndir eru mjög villandi þar sem að sá sem er að byggja getur valið hentugustu skuggamyndina á 6 mánaða tímabili mars - september

Einnig Mun það hafa veruleg áhrif á verðmæti eignar minnar.

Með vinsemd og virðingu.

Lilja Sigríður Guðlaugsdóttir (Eigandi kársnesbraut 94)